

Eignarhlutafélög

komudaga. 9 / 11 1994

4. mgr. 1. gr.

Gerð er athugasemd við orðalag á málsgreininni varðandi bréfsefni og viðskiptaskjöl einkahlutafélaga. Vísast um þetta efni til athugasemda við 5. mgr. 1. gr. frumvarps til breytinga á hlutafélagalögum.

3. gr.

Samtökin telja að í löggjöf eigi að hugsa evrópskt, þannig að aðild að EES sé aðalregla en ekki undantekning. Varðandi kröfur um ríkisfang og búsetu stofnenda félags í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins vísast til athugasemda við 2. mgr. 3. gr. frumvarps til breytinga á hlutafélagalögum.

7. gr.

Lagt er til að inn í samþykktir einkahlutafélaga megi taka ákvæði um kosningafyrirkomulag í 6. tl. 2. mgr. Um þetta vísast til athugasemda við 9. gr. frumvarps til breytinga á hlutafélagalögum.

6. gr. 19. gr.

Minnt er á vangaveltur varðandi það hvað felist í "aðgengi" hluthafa að hlutaskrá, sbr. athugasemdir við 7. mgr. 24. gr. nógildandi laga um hlutafélög hér að ofan.

25. gr.

Hér er fjallað um það hvað skuli koma fram í ákvörðun um hækkun hlutafjár. Með tilvísan til þess sem segir um breytingatillögu við 30. gr. nógildandi hlutafélagalaga, hér að ofan, er lagt til til að orðalagi 1. tl. 1. mgr. 25. gr. verði breytt á sambærilegan hátt.

3-4. mgr. 39. gr.

Í athugasemdum við frumvarp til breytinga á hlutafélagalögum eru gerðar orðalagsbreytingar á ákvæði um kosningar og kosningafyrirkomulag í hlutafélagum, sbr. 51. gr. c. Samtökin leggja til að sambærileg breyting verði gerð á ákvæðum laga um einkahlutafélög, en þó að tekið verði tilliti til þess að ekki sé gert ráð fyrir möguleika á margfeldiskosningu.

40. gr.

Með tilvísan til þess sem sagði í umfjöllun um 52. gr. frumvarps til breytinga á hlutafélagalögum telja samtökin rétt að í 40 gr. verði skýrt ákvæði þess

efnis; að hluthafafundur geti ávallt vikið frá öllum þeim stjórnarmönnum sem hann kaus og látið stjórnarkjör fara fram að nýju.

1. ml. 2. mgr. 41. gr.

Bent er á orðalagsbreytingu sem lagt er til við **53. gr. frumvarps til breytinga á hlutafélagalögum**. Eðlilegt er að samræmi sé á milli orðalags.

1. mgr. 42. gr.

Hér er að finna sambærilegt ákvæði og í 1. mgr. 54. gr. frumvarps til hlutafélagalaga um refsikennd hæfisskilyrði stjórnenda hlutafélags, þar sem á ákveðinn hátt er verið að spyrða gjaldþrot saman við refsivert athæfi. **Verslunarráð Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands telja að ákvæði þetta eigi ekkert frekar heima í löggjöf um einkahlutafélög fremur en um hlutafélög. Vísast að öðru leyti til athugasemda við 1. mgr. 54. gr. frumvarps til breytinga á hlutafélagalögum.**

2. mgr. 42. gr.

Samtökin vísa til athugasemda sinna við **2. mgr. 54. gr. frumvarps til laga um hlutafélög** varðandi það hugsað sé evrópskt og að aðild að EES sé meginregla en ekki undantekning.

2. mgr. 43. gr.

Í athugasemdum við b-lið **55. gr. frumvarps til breytingar á lögum um hlutafélög** er bent á það að hugtakið "spákaupmennska" sé ekki skýrt og vakin athygli á ákvæðum laga nr. 9/1993 um verðbréfavíðskipti sem taka til svokallaðra innherjaviðskipta. Samtökin telja að sömu sjónarmið eigi við í þessu tilviki og vísa til áðurnefndra athugasemda.

1. ml. 2. mgr. 45. gr.

Að mati samtakanna er ákvæði 1. ml. óþarft. Upplýsingaréttur dótturfélags virðist því nægilega tryggður í 2. ml. Með vísan til þess sem sagði í umfjöllun um **57. gr. frumvarps til breytingar á lögum um hlutafélög** er lagt til að þessi málslíður falli niður.

46. gr.

Hér er fjallað um kosningu stjórnarformanns, einkum þegar hann er valinn af hluthafafundi. Samtökin telja sömu athugasemdir eiga við varðandi einkahlutafélög og fram koma við **58. gr. frumvarps til breytinga á hlutafélagalögum**.

2. ml. 1. mgr. 47. gr.

Vísað er til athugasemda við 59. gr. frumvarps til breytinga á hlutafélagalögum. Rétt þykir að ákvæðið taki til "mikilvægra" ákvarðana. Má færa rök fyrir því að að í einkahlutafélögum sé enn frekar ástæða til þess að ákvarðanataka geti gengið skjótt fyrir sig.

73. gr.

Lagt er til að í löggjöf verði hugsað evrópskt og aðild að EES sé meginregla en ekki undantekning. Nánar um þetta varðandi endurskoðendur vísast til athugasemda við 70. gr. frumvarps til breytinga á hlutafélagalögum.

102 og 104 gr.


Vísað er til athugasemda með 80-81. gr. frumvarps til breytinga á hlutafélagalögum þess efnis að heppilegra sé að nota orðalagið "almennum innlánsreikningum" fremur en almennir sparisjóðsreikningar.

129. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir ákveðinni meðferð við samruna þegar yfirtökufélag á alla hluti í hinu yfirtekna félagi. Samkvæmt ákvæðum 3. félagaréttartilskipunar ESB er heimilt að hafa sambærileg ákvæði þegar félag á yfir 90% eignarhlutdeild. Telja verður æskilegt að veita þetta svigrúm við samruna. Vísast að öðru leyti til athugasemda við 104. gr. frumvarps til breytinga á hlutafélögum.

Virðingarfyllst,

f.h. Verslunarráðs Íslands


Jónas Fr. Jónsson, hdl.

f.h. Vinnuveitendasambands Íslands


Þórarinn V. Þórarinnsson, framkvæmdastj.